

15. *Stjórn Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. reglugerð sjóðsins frá 23. júlí 1979.
16. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara.
17. *Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. lögum SSV.
18. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
19. *Hafnarstjórn Grundartangahafnar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. reglugerð um Grundartangahöfn nr. 214/1980.
20. *Fulltrúaráð Grundartangahafnar*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. reglugerð um Grundartangahöfn.
21. *Stjórn dvalarheimilisins Höfða*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. skipulagskrá frá júní 1974.
22. *Húsnæðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 39. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 58/1995.
23. *Stjórn Rafveitu Akraness*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. reglugerð um Rafveitu Akraness.
24. *Vatnsveitunefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991.
25. *Stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara. Einn endurskoðandi og einn til vara skv. samningi eignaraðila HAB.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. mars 1995.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

## REGLUGERÐ

### um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. mars 1995 að telja um 4,8% frá því sem þær voru í febrúar 1995.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. mars 1995.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*